

9. júlí 1984

463

Nr. 318

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 465/1983, skv. lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 11. gr. komi málsgrein er orðist svo: Innheimta skal tímabundið gjald af innfluttu kjarnfóðri við tollafgreiðslu. Á tímabilinu 9. júlí til 31. desember 1984 skal gjald þetta vera 89% reiknað af innkaupsverði hinnar gjaldskyldu vöru. Innkaupsverð telst cif-verð vörunnar (tollverð) kominnar á innflutningshöfn.

2. gr.

Innheimta skal viðbótargjald, er nemur 70% reiknað af innkaupsverði hinnar gjaldskyldu vöru, af birgðum kjarnfóðurs sem er gjaldskylt sbr. 11. gr. rg. nr. 465/1983 og eru hjá fóðurvöruseljendum við birgðatalningu 9. júlí 1984.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og öðlast þegar gildi. Jafnframt er númin úr gildi reglugerð nr. 259/1984 um breytingu á reglugerð nr. 465/1983, skv. lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. júní til 31. desember 1984 skal Framleiðsluráð landbúnaðarins greiða til Áburðarverksmiðju ríkisins og þeirra sem eiga rétt á endurgreiðslu á áburðarverði skv. reglum sem landbúnaðarráðuneytið setur, 19%-stig af innheimtu kjarnfóðurgjaldi. Þó skal greiðsla aldrei vera hærri en nemur 1 000,00 krónum af tonni af hverri kjarnfóðurtegund við hverja tollafgreiðslu. Hagstofa Íslands reiknar út við ákvörðun búvöruverðs á þessu tímabili, hverju áðurnefnd 19%-stig nema í verði kjarnfóðurs, eftir þeim reglum sem Hagstofan áætlar kjarnfóðurverð við verðlagningu landbúnaðarafurða. Þessi hluti kjarnfóðurverðsins skal teljast með framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða á áðurnefndu tímabili og koma fram í afurðaverði.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. júlí 1984.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.